

TILLAGA AÐ ENDURSKIPULAGNINGU Á MÁLEFNAVINNU KVENNALISTANS

Lagt fram á landsfundi Kvennalistans á Laugarvatni 1992

Grasrótaheyfingar geta eðli málsins samkvæmt ekki starfað nema grasrótin sé mjög virk. Eins og staðan er í dag í Samtökum um kvennalista er grasrótin lítt sýnileg og því er ákvarðanatakan á mjög fáum höndum. Þingkonurnar eru einangraðar í sinni vinnu og taka flestar ákvarðanir varðandi þingmálin á eigin spýtur.

Framkvæmdaráðið sem fara á með ákvarðanatökuna á milli landsfunda tekur einungis ákvarðanir um praktísk mál eins og í hvað á að eyða þeim peningum sem við höfum á milli handanna. Pólitísk umræða innan listans fer helst fram á þingflokkfundum þar sem sjaldnast sitja fleiri en þingkonurnar sjálfar, varaþingkonur og starfskonur.

Í Kvennalistann vantar samfellda málefnavinnu grasrótar, sem auðveldar stefnumótun og tryggir endurskoðun. Með öðrum orðum, virkni hinnar almennu kvennalistakonu er í lágmarki. Af þessu leiðir að upplýsingaflæðið er mjög tregt og starfið ekki eins frjótt og það gæti svo auðveldlega verið. Upplýsingar og skoðanaskipti frá hinni svokölluðu grasrót til fulltrúa okkar í "kerfinu" -- og öfugt -- eru af mjög skornum skammti. Það er umhugsunarvert hvort óvirkt grasrótarskipulag er ekki í raun ólyðræðislegra en hið hefðbundna pýramíðaskipulag.

Þegar við byrjuðum að vinna að þessu verkefni, að gera tillögur að breyttu skipulagi málefnavinnu Kvennalistans, fórum við á stúfana til að spryrjast fyrir um hvaða tillögur höfðu áður komið upp á borð í þessu sambandi og hverju konur vildu helst breyta. Í upphafi fengum við frekar lítið að vita um fyrri hugmyndir um breytt skipulag, en nokkur umræða varð um þessi mál á vorþingi þar sem margar konur bentu á bakhópavinnu sem áður tíðkaðist í samtökunum.

Annað sem kom mjög fljótlega upp í umræðunni var að konur sem hefðu starfað með kvennalistanum í einhvern tíma fyndist þær ekki hafa neinu hlutverki að gegna lengur, konur entust ekki til að sitja í grasrótarhópum árum saman, og í þriðja lagi var áberandi að konur kvörtuðu undan að það væri aldrei tekist á um nein pólitísk deilumál innan kvennalistans og því yrði öll stefnumörkun frekar óljós. Ennfremur hafa konur kvartað yfir því að af og til er hóað í þær (eins og fyrir landsfund), þær beðnar að taka þátt í, oft á tíðum, hraðsoðinni málefnavinnu, sem svo jafnvel ekkert er gert við. Þessar konur gefast upp og detta út úr starfinu, tímabundið eða alveg.

Með þetta í farteskinu fórum við að reyna að berja saman tillögur að skipulagi sem gæti verið einhverskonar framþróað bakhópaskipulag með nýjum áherslum. Við erum mjög meðvitaðar um að of mikil samþjöppun valds gengur að öllum líkendum af fyrirbæri eins og Kvennalistanum dauðu en teljum jafnframt að þær konur sem hafa áhuga á að taka þátt í pólitísku starfi innan Kvennalistans verði að fá að njóta sín og koma hugmyndum sínum á framfæri þar sem ákvarðanir eru teknar og stefnumörkun fer fram. Í undirbúningi okkar höfum við því byggt á hugtökunum þátttaka, ábyrgð, sýnileiki, og áhrif.

BANKABANKAR:

Hlutverk:

- * Þankabankarnir eru vettvangur samfelldrar málefnavinnu og stefnumótunar samtakarra. Þeir eru skipaðir um þau málefni sem helst brenna á kvennalistakonum á hverjum tíma, og starfa lengst í fjóra mánuði í senn. Tillögur um viðfangsefni bankanna eru lagðar fram á vor og landsfundum Kvennistans.
- * Fjöldi starfandi banka er ótakmarkaður, en minnst þrír til fjórir á hverjum tíma.
- * Þankabankarnir eru ábyrgir gagnvart framkvæmdaráði og skila niðurstöðu á tilsettum tíma til ráðsins, sem heldur utan um starf þeirra í samráði við viðkomandi anga.

Innra skipulag:

- * Innra starfi bankanna er stjórnað af ábyrgðarkonu (bankastýru). Ábyrgðarkonan er fulltrúi bankans í framkvæmdaráði, og jafnframt talskona bankans og samtakanna sem heildar út á við um viðkomandi málefni.
- * Ein kona úr hverjum banka situr í aðgerðaráði.
- * Konur sem sitja í nefndum og ráðum á vegum Kvennistans sem eru að fjalla um málefni viðkomandi banka taki þátt í bankastarfi.

Nánar um tengsl:

- * Þankabankar starfa í nánum tengslum við þingkonur og fulltrúa Kvennistans í sveitarstjórnunum, nefndum og ráðum, sem vísa málum til umfjöllunar og ráðgjafar inn í bankana.
- * Starfsemi og niðurstöður banka byggja á þekkingu kennanna sem í honum taka þátt, en einnig sérþekkingu annarra kennalistakvenna, sem og kvenna og karla utan samtakanna. Þarna viljum við koma höndum yfir sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er ábyrgri stjórnmalapáttöku í framtíðinni. Til þess að svo megi verða, þarf að koma á fót öflugri tengiliðaskrá, sem hægt sé að leita í til að afla upplýsinga og gagna.

Til nánari skýringar og umhugsunar

Við teljum að með þessari endurlífgun og þróun bakhópakerfisins verði upplýsingaöflun, og mótna eða endurskoðun stefnu mun öflugri. Þankabankarnir geta tekið að sér að skoða stefnumál okkar niður í kjölinn og útfæra þau ítarlega, þannig að við séum enn betur undir það búnar að leggja fram raunhæfa og ábyrga valkosti Kvennalistans í hinum ýmsu pólitísku málum. Að auki er hér kominn breiðari vettvangur fyrir opinská skoðanaskipti og lausn ágreiningsefna sem, eins og nýleg dæmi sýna, er ekki vanþörf á. Þátttaka og áhugi kvenna er hins vegar, eins og við höfum áður bent á, algjör forsenda þess að skipulagið virki.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Í því sitja: Einn fulltrúi frá hverjum anga, starfskonur listans, fulltrúar þingfloks og hugmyndabanka. Ráðið hittist sjaldnar en nú er, eða á sex vikna fresti. (Hugsanlegt er að halda "símafundi" til að halda kostnaði í skefjum).

Hlutverk

- * Framkvæmdaráð fer með ákvörðunartöku á milli landsfunda, en starfssvið þess verður víðara og pólitískara en nú er. Ráðið á að vera stefnumarkandi í pólitískri umræðu, taka á þeim pólitísku spurningum sem upp koma á hverjum tíma, og vera farvegur fyrir pólitískra nýsköpun.
- * Framkvæmdaráð sér til þess að hugmyndafræðileg vinna fyrir landsfundi fari fram í samráði við þankabanka, styður við bakið á starfsemi þeirra, og á frumkvæði að stofnun nýrra banka um þau málefni sem samtökin telja mikilvægust á hverjum tíma.
- * Að auki mun ráðið, eins og áður, hafa það hlutverk að styðja starfsemi anganna,
- * skipuleggja stórfundi og ráðstefnur í samvinnu við þankabanka og anga,
- * svara erindum, eða senda út í bankana ef við á,
- * og hafa yfirumsjón með fjármálum Kvennalistans.

Til nánari skýringar og umhugsunar

Augljósustu kostir þess að framkvæmdaráðið starfi á þennan hátt eru að fleiri konur tækju þátt í hinni pólitísku umræðu en nú er og færur með hana út í sína anga og banka. Þannig myndi skapast flæði út í grásrotina, sem að öllum líkindum mun gera starfið þar virkara. Helsta hættan við þessa stækkun ráðsins og aukna áherslu á pólitískt hlutverk þess er, hins vegar, að þarna er um ákveðna samþjöppun valds að ræða. Það væri hægt að hugsa sér að draga úr áhrifum þessa með því að hvetja konur til að koma og sitja fundina eins og hingað til hefur tilíðkast.

Framkvæmdaráð í þessari breyttu mynd verður einnig frekar svifaseint, og kostnaðarins vegna verður að öllum líkindum að fækka reglulegum fundum þess. Því finnst okkur nauðsynlegt að búa til aðra stofnun, aðgerðaráð, til að bregðast við dægurþólitíkinni og gera kvennalistann sýnilegri í henni.

AÐGERÐARÁÐ

- * Aðgerðaráð mun, sem áður segir, vera samsett af ábyrgðarkonum þankabanka.
- * Það á að vera mjög svo sveigjanlegt fyrirbæri sem bregst, fyrir hönd samtakanna, við atburðum eða þjóðfélagsumræðu dagsins í dag með litlum fyrirvara. Aðgerðaráðið á, með öðrum orðum, að sjá til þess að það heyrist meira í kvennalistakonum, og að hann verði sýnilegri, með því að
- * senda út fréttatilkynningar, mótmæli, eða áskoranir,
- * og skipuleggja brýna umræðufundi eða aðrar uppákomur, og hvaðeina annað sem gerir Kvennalistann virkari í þjóðfélagsumræðunni.

Til nánari skýringar og umhugsunar

Okkur finnst vera mikil þörf fyrir svona apparat í Kvennalistanum, í okkar þjóðfélagi þar sem mál koma oft skyndilega upp, og ganga yfir á mjög skömmum tíma. Hugmyndin er einnig að aðgerðaráðskonur taki frumkvæði og opni umræður um málefni sem þjóðin þarf að skoða og ræða. Á síðustu misserum hafa þingkonur og starfskonur einkum gegnt þessu hlutverki en við viljum að grásrótin tali meira fyrir hönd samtakanna.

AD LOKUM;

Við höfum ekki sett það niður fyrir okkur ennþá hver myndi taka þessar praktísku ákvarðanir sem nú eru teknar í framkvæmdarráði, hvort starfskonur listans myndu gera það og vera ábyrgar gagnvart ráðinu, eða hvort sá hluti hins nýja framkvæmdaráðs sem nú sinnir þessu, myndi gera það áfram. Það er líka mikilvægt að við séum meðvitaðar um að ekki safnist of mikið vald fyrir á skrifstofunni.

Þótt við vörpum fram þessum hugmyndum hér er skipulagið e.t.v. ekki fullunnið. Það sem við hefðum helst áhuga á að bæta við, er hvernig hægt væri að virkja betur þá reynslu og vitneskju sem þær konur búa yfir sem hafa starfað hvað lengst með listanum en virðast nú horfnar af vettvangi því það er svo þreytandi að vera alltaf að finna hjólið upp aftur.

Við vildum gjarnan sjá þær við gangsetningu bankanna (a.m.k.!), hugsanlega í bankastýrustólum, þær geti lagt fram þekkingu sína á þeim málaflokkum sem þær þekkja best eða hafa mestan áhuga á.

Ekki tókst að senda út þessar tillögur í tíma, þannig að landsfundur gæti afgreitt þær á löglegan hátt. Því leggjum við til að þetta verði prófað til reynslu og starfið með nýju skipulagi verði hafið í febrúar 1993. Þá komi hið nýja framkvæmdaráð saman í fyrsta sinn.

Mánuðurnir fram að þeim tíma verði notaðir til undirbúnings og gangsetningu banka. Þannig gæti landsfundur hér og nú lagt til að þetta verði endanlega afgreitt á næsta vorþingi, 1993.

Ennfremur leggjum við til að önnur starfskonan fari út í angana á félagsfundi og kynni þetta og kyndi undir stofnun bankanna. Í því felst vísir að erindreka- hugmyndinni, (sem rætt var um á síðasta vorþingi, og fólst í að breyta hálfu stöðugildi í erindreka sem færi út um landið í kvennapólítískan erindrekstur). Kannski ekki er tímabært að setja þetta í gang líka hér og nú -- auk þess sem stöðugildi starfskvennanna hafa fitnað þ.e. nú eru tvö heil stöðugildi í gangi, í stað 1 og 1/2 og má nýta það á ýmsan hátt.